

Komum heil heim

Almenn ferðaheiliræði

- Gerðu ferðaáætlun þar sem koma fram upplýsingar um fyrirhugaða leið og varaleið, samferðamenn, brottfararstað og -tíma og áætlaðan komustað og -tíma. Skildu ferðaáætlun eftir hjá aðstandendum, landvörðum eða skálavörðum og í bílnum þar sem þú skilur við hann.
- Fylgstu vel með veðurspá nokkra daga á undan og veðurútliti yfir ferðadagana.
- Vertu viðbúin(n) hinu versta en vonaðu hið besta. Hafðu meðferðis vatnsheldan skjólfatnað, varafatnað í vatnsheldum poka, orkuríkt neyðarfæði, landakort, áttavita, staðsetningar-tæki, flautu og sjúkrabúnað.
- Snúðu við í tæka tíð, það er engin skömm að því að vera skynsamur.

Akstur

- Festu allan farangur tryggilega svo hann hendist ekki til og slasi farþega.
- Akstur yfir óbrúaðar ár krefst ýtrustu varúðar. Ef þú treystir þér ekki til að vaða yfir ána er ekki ráðlegt að aka yfir.
- Aktu aldrei einbíla yfir stærri vatnsföll.
- Vatnsmagn í jökulám er jafnan minnst að morgni.
- Aktu rólega en ákveðið í fyrsta gir í lága drifinu.
- Aktu undan straumi ef mögulegt er.

Fjallgöngur

- Merktar og stikaðar gönguleiðir eru öruggasti kosturinn.
- Aflaðu þér upplýsinga um viðkomandi gönguleið til dæmis hjá staðkunnugum eða öðrum ferðamönnum á svæðinu.
- Hafðu ávallt áttavita, göngukort og staðsetningartæki með í gönguferðir og aflaðu þér upplýsinga um notkun þeirra.
- Veldu gönguleið með hliðsjón af hrun- og snjóflóðahættu. Í bröttum skriðum þar sem steinar geta rúllað af stað er betra að ganga þétt saman.
- Hafðu hugfast að á fjöllum er jafnan kaldara, hvassara og meiri úrkoma en á láglandi.

Prímusar

- Skrúfaðu prímus tryggilega á eldsneytiskútinn.
- Skiptu aldrei um eldsneytiskút nærri opnum eldi. Farðu auk þess út undir bert loft.
- Gættu þess að láta ekkert sem getur brunnið standa nær prímusi en 50 sm.
- Notaðu prímus aðeins í vel loftræstu rými með opna glugga. Eldaðu utan tjaldsins.
- Fylgstu ávallt vel með prímusi sem er í notkun og farðu ekki að sofa fyrr en slökkt hefur verið á honum.
- Hreyfðu ekki prímus sem er í gangi. Minnsti hristingur eða fall á hliðina getur orðið til þess að loginn blossar skyndilega upp.
- Geymdu eldsneytiskúta utandyra.

Gasgrill

- Eldaðu ávallt á gasgrilli utandyra.
- Láttu gaskútinn standa uppréttan við hlið grillisins.
- Lokið á grillinu á alltaf að vera opið þegar kveikt er upp í því.
- Skrúfaðu fyrir gasið á grillinu og á kútnum að notkun lokinni.

Kolagrill

- Veldu grillinu góðan stað utandyra þannig að eitraðar lofttegundir berist fljótt í burtu.
- Ekki sprauta grillolíu á kol sem kveikt hefur verið upp í. Eldurinn getur borist með buninni og læst sig í olíubrúsann.
- Gakktu tryggilega frá kolum eftir notkun og mundu að lengi lifir í gömlum glæðum.